

REGLUGJÖRÐ**83**

21. sept.

fyrir

rafveitu á Akranesi.**1. gr.**

Ytri-Akraneshreppur veitir fjelaginu „Rafveitan á Akranesi“ einkaleyfi til 10 — tíu — ára til þess að setja upp og starfrækja rafstöð á Akranesi með tilheyrandi raftaugum um hreppinn.

2. gr.

Fjelagið „Rafveitan á Akranesi“ er fyrirtæki, sem rafmagnsnotendur á Akranesi stofna til í fjelagi á eigin ábyrgð, í þeim tilgangi að selja þátttakendum í fyrirtækinu rafmagn, innan þess svæðis sem taugar rafveitunnar ná til að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir, samkvæmt reglugjörð þessari.

Akraneshreppur telst ekki þátttakandi í fyrirtækinu, þótt hann verði notandi að rafmagni í húseignir sínar.

3. gr.

Rafveitan skal auka taugakerfi sitt og afl stöðvarinnar eftir því sem þörf krefur og fjárhagur hennar leyfir.

4. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar, þó má rafveitustjórnin selja þátttakendum til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, og ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

5. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 15. ágúst til 15. maí, frá þeim tíma dags, sem ljósa er þörf, til kl. 12 á miðnætti, og svo frá kl. 7 á morgnanna, þar til að vinnubjart er orðið.

6. gr.

Þann tíma sem ljósa er þörf, samkv. þessari reglugjörð, má ekki taka strauminn af nema nauðsyn beri til, og þá svo stuttan tíma, sem unt er.

7. gr.

Aðalálmur og húsaálmur, ásamt varkössum, leggur rafveitan á sinn kostnað, þó ekki húsaálmur lengri en 40 metra en það sem umfram er, kostar

88 húseigandi. Aðalkerfi rafveitunnar má ekki stækka, nema með samþykki raf-
21. sept. veitustjórnar.

8. gr.

Hver sem óskar að fá hús sitt raflagt og gjörast þar með þáttakandi í fyrirtækinu, eða breytt eldri raflögn, skal senda rafveitustjórn skriflega beiðni um það, með upplýsingum um, hve mikið rafmagn hann óskar að fá ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Rafveitustjórn ákveður því næst, hvert raflögnin eða breytingin skuli leyfð og skal hún hafa tekið ákvörðun um það og tilkynt umsækjanda innan þriggja vikna frá því hún fjekk umsóknina.

9. gr.

Húsveitur skal gjöra af löggiltum rafvirkjara á kostnað húseiganda. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefnd, eftir tillögu rafveitustjórnar, hefir löggilt til þess, má framkvæma slík verk eða breyta neinu er rafveitunni tilheyrir innan húss eða utan.

10. gr.

Nú hefir hús verið raflagt, áhöld sett í hús eða breytt eldri raflögn, og má þá ekki taka húsveituna til afnota, fyr en sá er gætir stöðvarinnar, hefir skoðað og reynt hana og vottað, að hún sje fullnægjandi. Álitist raflögnin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi rafvirkjari laga hana þannig að hún verði fullnægjandi.

11. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa mæla er rafveitan leggur til, skulu þeir greiða við uppsetningu mælis til rafveitunnar gjald, sem nemur mælisverðinu. Eru mælarnir síðan eign rafveitunnar, enda skal hún annast viðhald á þeim og endurnýjun.

12. gr.

Enginn má án leyfis rafveitustjórnar, taka rafmagn úr taugakerfi rafveitunnar nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í hús hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið að þyngri refsing liggi við samkv. hegningarlögum.

13. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unt, að húsveita hans sje í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi hans, þannig að skemdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafveitunnar, t. d.

öryggi hrökkvi í sundur, eða bilun sjáist á einangrun á lögnum, þá skal notandi tafarlaust tjá það stöðvarstjóra. Varast skal að taka í sundur ljóstækin, 21. sept. 88
straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

14. gr.

Rafveitustjórninni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveitveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem eftir áliti hennar er ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

15. gr.

Rafveitustjórn og sá er gætir stöðvarinnar, skulu ætíð hafa frjálstan aðgang þar sem eru taugar eða áhöld sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að ganga úr skugga um, hvort alt sje í góðu lagi.

16. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla, samkvæmt reglugjörð þessari, eða virði að vettugi fyrirskipanir rafveitustjórnar, er stöðvarstjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabyrgða, og að fullu með samþykki rafveitustjórnar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslu kann að stafa.

17. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á er hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitustjórnar, heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar. Rísi ágreiningur milli rafveitustjórnar og notanda, sker hreppsnefnd úr, en úrskurði hennar má áfrýja til stjórnarráðsins.

18. gr.

Stjórn rafveitunnar hafa á hendi þrír menn, kosnir af aðalfundi rafveitufjelagsins til eins árs í senn. Stjórnin skiftir með sjer verkum og ræður mann til að gæta stöðvarinnar. Hún hefir á hendi allar framkvæmdir fyrir rafveituna og svarar til alls þess er hún kann að vera sökuð um. Hún skal sjá um að nóg efni sje fyrir hendi til starfrækslu stöðvarinnar, og hefir á hendi allar fjárreiður hennar.

Ársreikning skal hún semja, og leggja fram endurskoðaðan á aðalfundi rafveitufjelagsins.

Reikningsár rafveitunnar er frá 31. maí til 1. júní.

19. gr.

Aðalfundur rafveitufjelagsins skal vera haldinn fyrir 1. júlí ár hvert, og boðar stjórnin til hans með viku fyrirvara. Þar skulu lagðir fram endur-

88 skoðaðir reikningar rafveitunnar, kosin stjórn og endurskoðendur, og rædd 21. sept. önnur mál, sem upp kunna að vera borin.

20. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir á hendi yfireftirlit með rafveitunni. Hún endurskoðar gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins árlega og leggur fyrir stjórnarráð til samþykta. Hún hefir aðgang að öllum reikningum rafveitunnar, og ber að gæta þess, að fylgt sje ákvæðum reglugjörðar þessarar.

Nú reynist rekstur stöðvarinnar óviðunandi, og getur þá hreppsnefnd, að fengnum tillögum aðalfundar rafveitufjelagsins, tekið rekstur stöðvarinnar í sínar hendur á kostnað eiganda.

21. gr.

Að loknum leyfistímanum skal fara eftir ákvæðum 3. gr. laga nr. 7. 1926, um raforkuvirki.

22. gr.

Reglugjörð þessari og einnig gjaldskrá má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

23. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að tvö hundruð krónum, nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál út af þessu sem almennu lögreglumál. Sektir renna í sveitarsjóð Ytri-Akraneshrepps.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir samið og samþykkt staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.